

Innviðauppbýgging í Langanesbyggð

Stöðuskýrsla

Í upphafi árs 2024 skrifuðu Langanesbyggð og SSNE undir samning um framkvæmd verkefnisins *Innviðauppbýgging í Langanesbyggð*. Innviðaráðuneytið styrkir verkefnið til tveggja ára en markmið þess er að styðja við efnahagslega uppbyggingu Langanesbyggðar með því að skilgreina tækifæri og framtíðarsýn hvað varðar uppbyggingu innviða og atvinnusköpun. Jafnframt er það markmið samningsins að styðja við sameinað sveitarfélag og gera því betur kleift að sækja fram til hagsbóta fyrir íbúa sína. Að þessari vinnu kemur starfsfólk SSNE og starfsfólk Langanesbyggðar. Enn fremur var ráðinn verkefnisstjóri til að stýra því en það er Gunnar Már Gunnarsson sem áður sinnti starfi verkefnisstjóra Betri Bakkafjarðar.

Í apríl það ár kom út [skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi](#), en niðurstöðurnar voru kynntar formlega í ágúst. Tillögur starfshópsins snúa meðal annars að friðlýsingu á hluta Langanes, til dæmis með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt að hugað sé að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum sem varða dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðisins.

Töluverð samlegð og samhljómur er milli verkefnisins *Innviðauppbýgging í Langanesbyggð* og skýrslu starfshóps, og verður nánar vikið að því hér á eftir undir einstökum liðum.

Eftirfarandi átaksverkefni voru skilgreind í verkefnislýsingu, og verður nú farið yfir stöðu hvers og eins þeirra:

A. RAFORKUINNVIÐIR Í LANGANESBYGGÐ

Fylgja eftir vinnu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og eiga samráð við framkvæmdaraðila um þær skipulagsbreytingar sem þarf að koma í gegn.


Markmið þessa er að í lok verkefnisins verði búið að tryggja nýjar tengingar til Þórshafnar.

Líkt og fram kemur í skýrslu starfshóps getur afhendingaröryggi rafmagns í landshlutanum ekki talist gott miðað við óbreytta stöðu. Flutningskerfi Landsnets endar við Kópasker og þaðan fær Þórshöfn orku um 33 kV jarðstreng Rarik sem plægður var niður í lok síðustu aldar. Núverandi flutnings- og dreifikerfi hefur því afar takmarkaða flutningsgetu eða um 6 MW, sem er fullnýtt á tímum álagstoppa.

Landsnet hefur því hafið vinnu við framtíðarþróun flutningskerfis raforku á Norðausturlandi og skoðar, í samvinnu við Rarik, fýsileika þess að Landsnet taki við orkuflutningum til Brúarlands við Þórshöfn. Í framhaldinu væri hægt að tengja áfram frá Þórshöfn og til Vopnafjarðar. Þar með væri komin tvítenging á þessum landshluta og er það í takti við stefnu stjórnvalda, þ.e.a.s. að allir afhendingarstaðir í flutningskerfinu verði tvítengdir fyrir árið 2040.

Í maí 2024 [heimsóttu sérfræðingar Landsnets](#), þær Argunnur Einarsdóttir og Guðrún Margrét Jónsdóttir, Langanesbyggð og var tilgangur ferðarinnar m.a. að hitta fulltrúa sveitarfélagsins og stórnotendur á svæðinu til að kortleggja raforkuþörf til framtíðar.

Upphafleg tímalína verkefnisins var þessi (tímamörk miðast við 2024):



Þessi áætlun hefur ekki staðist, hvað tímamörk varðar, en vinnan er þó í lokafasa.

Helstu áskoranir á svæðinu eru hvernig best sé að mæta eftirspurn eftir rafmagni langt út frá meginflutningskerfinu, og hvernig dreifiveitum og Landsneti beri að vinna saman að því marki. Í þeim efnum væri sannarlega bót að því að skýra reglur og lög í kringum hlutverk aðila.

Sérfræðingar Landsnets hafa, í sinni vinnu, reynt að leggja áherslu á þjóðhagslegan ávinning uppbyggingar á afskekktum svæðum. Næsta áratug er líklega næg afhendingargeta til Vopnafjarðar og í Norðurþingi, en hins vegar mjög lítil rýmd til aukinnar afhendingar á Þórshöfn og í nágrenni. Öryggi á þessu svæði öllu er þó illa tryggt og verður það áfram þar til búið er að tvítengja Vopnafjörð og Kópasker.

Ein hliðin, sem sérfræðingar Landsnets hafa verið að skoða, eru staðbundin efnahagsleg áhrif aukinnar afhendingargetu. Í því samhengi má benda á [skýrslu Frontier Economics](#) frá 2020 sem var unnin í samstarfi við Landsnet. Hún fjallar um virði umfram afhendingargetu í flutningskerfinu og sýndu höfundar fram á umtalsverða fylgni milli meðallauna í sveitarfélögum og umfram afhendingargetu.

Helstu rök fyrir góðri uppbyggingu innviða á svæðinu verða að vera af þessum toga; því þótt unnt sé að spá með einhverri vissu um eftirspurn næstu 10 ára, þá er krafan líka sú að ný orkumannvirki hafi líftíma upp á 60 ár og verði því að duga til framtíðar.

B. FJARSKIPTI

Vinna að lausnum sem tryggja síma- og TETRA samband innan sveitarfélagsins, t.a.m. ýta á eftir því að settir verði upp 3-4 nýir sendistaðir fyrir GSM samband.


Markmið þessa er að í lok verkefnisins verði fjarskiptaöryggi tryggt þar sem þörf er á.

Sveitarstjórn samþykkti þann 23. maí 2024 kaupsamning á milli Langanesbyggðar og Tengis hf. um sölu á öllum eignum og rekstri Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps.¹ Þá skuldbatt Tengir sig til að leggja ljósleiðara á Þórshöfn og jafnframt útbúa 3 sendistaði fyrir GSM senda innan sveitafélagsins svo mögulegt yrði að dekkja allt sveitarfélagið með GSM sambandi. Þá gerði Langanesbyggð við seinna tilefni samning við Tengir um uppbyggingu ljósleiðara á Þórshöfn vegna *Ísland ljóstengt 2024-2026*.

Ljósleiðaravæðing Þórshafnar gengur vel og gert ráð fyrir að verkinu verði lokið árið 2025. Búið er að leggja ljósleiðara í yfir 20 staðföng samkvæmt þeim samning, og ljósleiðari lagður í samtals 63 fasteignir á Þórshöfn sumarið 2024. Um haustið var lagður ljósleiðari og rafstrengur frá stofnstreng ljósleiðarans við Kollavík upp að nýjum sendastað fyrir fjarskiptasendi í Hófaskarði.² Einnig lagður ljósleiðari (og rafstrengur) að myndavél Vegagerðarinnar við Hófaskarð. Að endingu lagður ljósleiðari frá stofnstreng ljósleiðarans upp að fjarskiptamastri á Viðarfjalli og mun Vodafone, að öllum líkindum, vera með tengingu á milli þessa tveggja senda.

Farnetssamband á Norðausturvegi og Raufarhafnarvegi, sem tengja saman Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn hefur verið ábótavant, ekki síst í Hófaskarði þar sem algengt er að bílar festist að vetrarlagi. Fyrirnefnd lagning á veiturfarmagni í Hófaskarði, sem RARIK og Tengir framkvæmdu, var forsenda þess að Öryggisfjarskipti reisti fjarskiptaaðstöðu og Sýn sett upp 4G-sendi þar sem samnýttur er af öllum farnetsfyrirtækjunum. Sendirinn var tekinn í notkun seint á síðasta ári og við það batnaði 4G-samband á samtals 14 km vegkafla, þar af voru um 5 km með tæpu eða engu sambandi. Með þessu jókst fjarskiptaöryggi vegfarenda til muna á þessum mikilvægu samgönguæðum á Norðausturlandi.

Myndirnar, sem teknar eru af heimasíðu Stjórnarráðsins, sýna útbreiðslu 4G farnets á umræddum vegum fyrir og eftir að nýr sendir var tekinn í notkun. Grænt þýðir sæmilegt eða gott samband en rautt þýðir tæpt eða ekkert samband.



Það sem á þá eftir að gera, er að tengja nýju leggina sem lagðir hafa verið við stofnstrenginn. Það verk er í höndum Mílu hf. sem er með strenginn á leigu. Einnig á eftir að koma fyrir tetrasendi á Hófaskarði fyrir Neyðarlínuna, og verður það vonandi gert fyrr en síðar. Tengir hf. ráðgerir að leggja

¹ Míla hf. er með kerfið á leigu til febrúar 2027.

² Sjá einnig [frétt á heimasíðu Stjórnarráðs](#) um lagningu á veiturfarmagni og ljósleiðara að Hófaskarði á Norðausturlandi.

ljósleiðara inn í tæplega 50 staðföng á Þórshöfn í samræmi við samning vegna *Ísland ljóstengt*. Þess fyrir utan verður ráðist í frekari ljósleiðaraframkvæmdir, utan verkefnisins *Ísland ljóstengt*, í samræmi við áhuga og þátttöku húseigenda. Þá er einnig verið að fara yfir forsendur fyrir lagningu ljósleiðara yfir Brekknaheiði, samhliða framkvæmdum Vegagerðarinnar, til að tengja ljósleiðaraenda við Fell í Finnafirði inn á Þórshöfn. Sú framkvæmd myndi jafnframt tengja Bakkafjörð við aðgangsstöð Tengis á Þórshöfn.

C. FINNAFJARÐARVERKEFNI

Taka upp samskipti gagnvart Þróunarfélagi Finnafjarðar, leggja mat á verkefnið og greina áherslupunkta til að fylgja eftir.

Markmið þessa er að í lok verkefnisins liggja fyrir framtíðarsýn stjórnvalda um uppbyggingu í Finnafirði.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á fundi sínum 20. júní 2024 stefnumörkun um uppbyggingu við Finnafjörð þar sem fram kemur [framtíðarsýn sveitarfélagsins](#), sem og markmið og leiðir að þeim. Í stefnunni lýsir sveitarstjórn Langanesbyggðar yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að framgangi Finnafjarðarverkefnisins og tekur m.a. jákvætt í þær hugmyndir sem hafa verið uppi um uppbyggingu rafeldsneytisiðnaðar og landeldis í Finnafirði. Í kjölfarið skipulagði sveitarstjórn Langanesbyggðar ferð til Norð-austurbotns Finnlands, til að kynna sér þróun vindorkuvera á þessum norðlægu slóðum og skoða hvaða áhrif sú uppbygging hefur haft á samfélög þar. Ferðin var skipulögð í samstarfi við sendiráð Íslands í Finnlandi og tók sendiherrann, Harald Aspelund, á móti hópnum og fylgdi honum hluta ferðarinnar. Markmið ferðarinnar var að efla þekkingu og skilning á vindorku og framleiðslu rafeldsneytis og möguleikum þess.

Samkvæmt fyrrnefndri stefnu var næst á dagskrá að óska eftir því við stjórnvöld að settur yrði sérstakur starfshópur um Finnafjarðarverkefnið, með fulltrúum bæði frá Innviðaráðuneytinu og frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Verkefnisstjóri var í samskiptum við starfsmenn ráðuneytanna um haustið og unnið að því að koma á sameiginlegum fundi, með bæði ráðuneytum og Þróunarfélagi Finnafjarðar, í október. Sá fundur frestaðist hins vegar sökum þingslita og kosninga.

Unnið er að því að kynna verkefnið fyrir nýjum ráðherrum og þingmönnum kjördæmisins, og verður óskað eftir nýjum fundi að því loknu.

D. ORKUSKIPTI, HÚSHITUN OG HITAVEITUMÖGULEIKAR

Fylgja eftir vinnu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og styðja Langanesbyggð við mótun aðgerða.

Markmið þessa er að búið verði að fylgja eftir tillögum skýrslunnar og hrinda þeim í framkvæmd eins og við á.

Í skýrslunni leggur starfshópurinn til að sérstöku fé verði varið til jarðhitaleitar þannig að hægt verði að nýta jarðhita í auknum mæli til húshitunar í Langanesbyggð. Í skýrslunni kemur fram að þótt jarðhitaleit á svæðinu hafi fram til þessa ekki skilað tilætluðum árangri, þá hafi hitastigulsholur sem boraðar hafa verið á svæðinu hins vegar gefi tilefni til vissrar bjartsýni. Þessu til viðbótar, benti starfshópurinn á að notkun varmadæla geti verið álitleg lausn þegar kemur að kyndingu húsa á köldum svæðum.

Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar fór sveitarfélagið yfir kosti ýmissa aðgerða sem dregið gætu úr aflþörf í rafhitun. Í þeirri vinnu var einkum horft til reynslu annarra sveitarfélaga sem ekki búa við varmaveitu. Ekki er á vísan að róa hvað varðar árangur af jarðhitaleit og því mikilvægt að aðrir valkostir séu greindir vandlega, en reynslan af notkun varmadæla í öðrum sveitarfélögum bendir til þess að ná megi að lágmarki um 55-65% sparnaði í raforkunotkun við kyndingu með uppsetningu varmadælukerfa og það með lægri tilkostnaði en ef sett væri upp hefðbundin hitaveita.

Langanesbyggð setti í kjölfarið saman minnisblað og kynnti fyrir sérfræðingum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Jafnframt voru haldnir fundir, að beiðni ráðuneytisins, með starfsmönnum ráðuneytisins, Orkusjóðs, og Eims. Eftirfarandi tillaga var lögð fram í minnisblaðinu, til að bæta búsetuskilyrði í Langanesbyggð og draga úr aflþörf í rafhitun:

Að sett verði af stað verkefni þar sem metin verður hagkvæmni þess að setja upp varmadælukerfi til hitunar á rafkyntu húsnæði. Verkefnið næði til allra heimila innan sveitarfélagsins, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Tillagan hlaut góðan hljómgrunn og er vert að undirstrika að hún útilokar ekki jarðhitaleit. Verkefnið komst þó ekki á slíkan rekspól að fjárveiting væri tryggð og því er nauðsynlegt að kynna það aftur fyrir nýjum ráðherra.

Við þetta má bæta að ýmsar jákvæðar vendingar eru að verða hvað orkuöflun innan svæðisins varðar. Bæði fyrirhugaðar litlar vatnsaflsvirkjanir sem og hugsanlegt tilraunaverkefni fyrir vindorku.

E. STOFNUN ÞJÓÐGARÐS Á LANGANESI

Að gefnu hver niðurstaða sveitarstjórnar verður ásamt álitum ráðherranefndar, taka þátt í undirbúningsvinnu við stofnun þjóðgarðs á utanverðu Langanesi.

Markmið þessa er að í lok vinnunnar liggja fyrir ákvörðun um stofnun þjóðgarðs á utanverðu Langanesi.

Vorið 2020 fór Langanesbyggð þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að gerð yrði greining á mögulegum friðlýsingarkostum á Langanesi. Óskað var eftir því að kostir, tækifæri, takmarkanir og skuldbindingar yrðu m.a. skoðuð, ásamt því að leggja mat á hvaða gerðir friðlýsinga kæmu til greina á svæðinu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fól Umhverfisstofnun (í dag Náttúruverndarstofnun) verkefnið. Settur var saman stýrihópur sem fylgdi verkefninu eftir á vinnslutíma en vinna við gerð skýrslunnar fólst í að rýna svæðið með tilliti til möguleika á friðlýsingu. Skýrsla Umhverfisstofnunar var gefin út í október 2020.

Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tók þetta mál fyrir í sinni vinnu og tók afstöðu til þess, að afloknu samráði við heimamenn og aðra hagaðila. Starfshópurinn lagði til að ráðuneytið ynni áfram tillögur um friðlýsingarkosti á utanverðu Langanesi og að stofnaður yrði þjóðgarður í sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Samhliða yrði unnið að uppbyggingu innviða og m.a. horft til þess að koma upp starfsstöð í náttúruverndarsóknum í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá árinu 2018.³

³ Sjá einnig einnig þrjár skýrslur sem unnar voru út frá byggðaaðgerð C.9 Náttúruvernd til eflingar byggðapróun. (1), (2), og (3).

Vilji sveitarstjórnar Langanesbyggðar í þessu mál hefur verið skýr, þ.e. að haldið verði áfram með vinnu við friðlýsingar á utanverðu Langanesi. Þannig segir í [ályktun sveitarstjórnar](#) frá 14. desember 2023 að tilgangur vinnunnar sé að;

1. Gæta að sérstöðu landsvæðisins sem náttúruvætti.
2. Gæta að menningarminjum og lands í lifandi nýtingu.
3. Tryggi aðgengi og öryggi þeirra sem heimsækja landsvæðið.
4. Hugi að hægrænum hvötum til eflingu mannlífs í kringum Langanes.
5. Efli vitund og þekkingu á náttúrufari og auðlindum aðliggjandi svæða.

Í kjölfar skýrslu starfshóps var verkefnastjóra innviðamála og formanni Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Langanesbyggðar falið að ná fundum með landeigendum á utanverðu Langanesi. Það var gert sumarið og haustið 2024 og voru þau samtöl heilt yfir jákvæð. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar, sem og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, voru í kjölfarið upplýstir um niðurstöðu þessara samtala.

Þar sem sveitarfélagið hefur í fyrri skrefum óskað formlega eftir aðkomu stjórnvalda, og vilji sveitarfélagsins staðfestur í fyrrnefndri ályktun, þá lítur Umhverfisstofnun svo á að fyrsta skref í friðlýsingarferlinu hafi þegar verið tekið, þ.e. að tillaga að friðlýsingu hafi borist. Næsta skref í ferlinu er að óska eftir tilnefningum í samstarfshóp. Nýstofnuð Náttúruverndarstofnun vinnur því að myndun samstarfshóps og ráðgerir að halda upplýsingafund fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Einhverjar tafir hafa orðið, bæði vegna stofnanabreytinga en einnig vegna óvissu sem kom upp varðandi eignarhald á einni jörðinni. Ekki er þó útlit fyrir annað en að eðlilegur gangur komist á vinnuna á næstu misserum.

F. FJÁRFESTINGAR

Vinna og gera tillögur til Langanesbyggðar um áhersluverkefni sem vænlegt væri að vinna að til að laða aukna fjárfestingu í Langanesbyggð.

Markmið þessa er að í lok verkefnisins liggi fyrir framtíðarsýn og aðgerðaráætlun um áhersluverkefni.

Þann 24. febrúar 2024 var haldin vinnustofa með sveitarstjórn Langanesbyggðar þar sem ráðgjafar SSNE unnu með sveitarstjórn að því að kortleggja fjárfestingarverkefni innan sveitarfélagsins. Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður vinnustofunnar. Verkefnunum hefur verið skipt í tvennt, smærri verkefni sem sveitarfélagið getur komið í ákveðinn farveg og hins vegar stærri fjárfestingarverkefni sem hægt er að leita að fjárfestingum í.

Verkefni sveitarfélagsins:

- (i) Iðnaðarmannaklasi
- (ii) Þjóðgarður á Langanesi
- (iii) Uppbygging íbúðarhúsnæðis
- (iv) Afþreying fyrir ferðafólk
- (v) Kortlagning og merking gönguleiða

Fjárfestingarverkefni:

- (i) Hóteluppbygging
- (ii) Finnafjörður

Sem dæmi um aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í má nefna vinnu við nýtt [deiliskipulag](#) fyrir suðurbæ Þórshafnar. Þar er m.a. gert ráð fyrir nýrri lóð fyrir hótél/gistiheimili.

G. HAFNARMÁL

Fylgja eftir hugmyndum og vinna að lausnum svo uppbygging hafna haldi áfram. Gera má ráð fyrir að þetta verkefni sé að mestu leyti í höndum Hafnarstjórnar og sveitarstjóra Langanesbyggðar.

Markmiðið þessa er að tryggja í samstarfi við Langanesbyggð að hafnarinnviðir styðji við frekari uppbyggingu sveitarfélagsins.

Ráðist var í heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Þórshöfn, og [tillaga að nýju deiliskipulagi](#) gefin út og kynnt ásamt greinargerð og umhverfismatsskýrslu í maí 2024. Var það gert í framhaldi af ósk Ísfélagsins, til að mæta þeim þörfum sem félagið taldi sig þurfa til að sinna breyttum aðstæðum á markaði – með aukinni frystigetun og stærra athafnasvæði við höfnina.

Á árinu var sömuleiðis ráðist í ýmsar framkvæmdir við höfnina sem sveitarstjórn heimilaði að taka þátt í og rúmast innan gildandi aðalskipulags. Undangengnar voru viðræður við Vegagerðina, varðandi greiðsluþátttöku í dýpkun og gerð grjótvarnargarðs við fyllingu ásamt því að gera við ysta hluta Norðurgarðs hafnarinnar. Framhaldið ræðst svo af viðræðum við Vegagerðina og Ísfélagið.

Staðan er sú að dýpkun er lokið á þeim svæðum sem heyrðu undir framkvæmdirnar. Ríkið hefur einungis greitt 10 m.kr. af framlagi sínu til framkvæmdanna. Búið að nota efni frá dýpkun auk efnis úr námu til að búa til athafnasvæði innan hafnar sem er 4500m² að stærð. Framkvæmdir við frystiklefa Ísfélagsins hafnar á þeirra hluta lóðar sem búin var til.

Beðið eftir fundi með Vegagerðinni þar sem settar verða fram eftirfarandi óskir, sem hafa þó áður verið kynntar í fyrri viðræðum:

- (i) Gerð nýrrar og öruggari aðkomu (Bryggjuvegur) í stað Eyrarvegur.
- (ii) Gerð nýrrar timburbyggju sem Vegagerðin er að gera kostnaðaráætlun yfir en hún verður 5 m á breidd og 90 m á lengd.
- (iii) Lenging hafnargarðs um 100 metra til að koma fleiri skipum að; fiskiskipum, flutningaskipum og jafnvel skemmtiferðaskipum.

Sveitarfélagið hefur, ásamt Ísfélaginu, alfarið staðið að þeim framkvæmdum sem er lokið á þessu stigi og greitt 91 milljón af um 150 milljóna króna framkvæmdum.